

**Fundargerð**  
**300. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)**  
Fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl. 8<sup>30</sup> – 10<sup>00</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Hildur Hauksdóttir (HH)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjv)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

*Samþykkt með breytingum, án áritunar.*

**2. Heyrúlluplast.**

Framhaldið var umræðu frá síðasta fundi stjórnar um tillögu að breyttri flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast. PNR óskaði eftir að flutningsjöfnun yrði reiknuð miðað við skil á starfstöð PNR í Hveragerði óháð því hvaðan af landinu efnið kemur. Farið var yfir uppfærða tillögu og að almennt ætti að stefna að því að endurvinnsla úrgangs fari fram sem næst upprunastað.

Ákveðið að kanna þurfi málið betur svo tryggt sé að ákvörðun Úrvinnslusjóðs teldist ekki mismuna ráðstöfunaraðilum á EES-svæðinu. Einnig þarf að kanna hvort ákvörðunin teldist ólögmat ríkisaðstoð í skilningi ríkisstyrkjareglna EES og hvernig sú framkvæmd gæti átt sér stað ef svo væri. ÓK falið að upplýsa UAR um málið.

Umræðu frestað.

**3. Spilliefni.**

Lögð var fram á fundinum tillaga að nýju endurgjaldi fyrir ráðstöfun spilliefna til mæta kostnaði vegna hækkunar gjaldskrár Kólku frá 1. janúar 2021 við förgun á spilliefnum. ÍG fór yfir helstu breytingar.

*Stjórn samþykkir nýtt endurgjald á spilliefnum í samræmi við framlagða tillögu.*

ÓK yfirgefur fund kl. 9:30

LHG óskaði eftir að ræða lið nr. 5 á undan lið 4. Samþykkt.

#### **4. Úrvinnslusjóður**

Formaður stjórnar fór yfir og lagði fram drög að starfsreglum stjórnar sem hann hefur sett saman. Starfsreglurnar eru byggðar á því verklagi sem viðhaft hefur verið í stjórninni en víða leitað fanga, m.a. í leiðbeiningar SA, Viðskiptaráðs og Nasdaq um stjórnarhætti fyrirtækja, starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, reglna um störf stjórnar Persónuverndar og starfsreglna stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs. Drögin eru ætluð sem umræðugrundvöllur. Formaður kynnti einstaka greinar í drögum að starfsreglum stjórnar. Stjórnarmenn ræddu drögin. Frestað.

#### **5. Stefna í úrgangsmálum.**

Lögð var fram á fundinum drög að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum – Í átt að hringrásarhagkerfi. Lagt var fram minnisblað um helstu atriði í stefnunni sem snerta Úrvinnslusjóð og sagt frá fundum starfsmanna umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Úrvinnslusjóðs um stefnumótun ráðherra. Stjórnarmenn ræddu drögin að stefnu ráðherra. Farið var yfir að samfélagið bæri mikinn kostnað af meðhöndlun úrgangs í dag og það þurfi að fara vel yfir framkvæmd framleiðendaábyrgðar hvað viðkæmi kostnaði sveitarfélaga. Minnt var á að það væru neytendur sem greiða fyrir allt, hvort sem þeir kaupi vöru eða greiði opinber gjöld og því skuli gæta vel að kostnaði við meðhöndlun úrgangs og hagkvæmni.

#### **6. Önnur mál.**

Engin.

Næsti fundur 4. mars 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10.00